MENNING

„Eitthvað fyrir krakka?“

Myndasögur hafa löngum verið nokkurs konar ólnbogabarn í listalífi hérlendis og víðar. Nú fer þó vaxandi sá hópur innan listaheimsins sem viðurkennir þetta unga listform þar sem samruni mynd- og ritlistar nær nýjum hæðum. Með almennri viðurkenningu höfunda eins og Neil Gaiman, Art Spiegelman og Mike Mignola, höfunda sem daðra við mörk þjóðsagna, sagnfræði og þjóðfræði, má segja að viss öld upplýsingar sé að ganga í garð. Undanfarna áratugi hefur myndasagan ekki aðeins teygt sig inn á nýjar slóðir, heldur hafa myndlistarmenn einnig teygt sig inn í veruleika og tjáningarform myndasögunnar til að þenja mörk myndlistarinnar. Á dögunum varð undirritaður m.a. fyrir þeirri skynvíkkandi reynslu að lesa sögurnar Bone eftir Jeff Smith og Blacksad: Arctic Nation eftir Juan Diaz Canales og Guarnido, í kjölfar umfjöllunar Heimis Snorrasonar, sem hefur unnið þrekvirki í að kynna áhugaverðar teiknimyndasögur fyrir Íslendingum. Þessar sögur eiga það sameiginlegt að aðalsöguhetjan er gestur í einhverjum veruleika þar sem ferðalagið leiðir í ljós ýmiss konar sannleika, hvort sem hann er siðfræðilegur, verufræðilegur eða frumspekilegur, um heiminn.

AF LISTUM
Svavar Knútur Kristinsson
svavar@mbl.is

●●●

Myndasögumessan Nían, sem verður opnuð í Hafnarhúsinu í dag kl. 16, er til vitnis um þessa hugarfarsbyltingu. Yfirskriftin „Nían“ vísar beint til þess að myndasögur eru gjarnan nefndar níunda listformið. Það er Gisp!-hópurinn sem stendur fyrir sýningunni, en sami hópur tók sig saman fyrir þrettán árum og hélt stóra sýningu á Kjarvalsstöðum. Í tilefni af sýningunni gefur Gisp!-hópurinn út viðamikla sýningarskrá sem inniheldur m.a. greinar um íslenskar og erlendar myndasögur. Þá mun Borgarbókasafn auka stórlega úrval sitt á myndasögum til útláns auk þess sem Reykjavíkurtorgið í Gróf-arhúsi verður vettvangur myndlistarsagna. Þá mun verslunin Nexus, helsti griðastaður íslenskra myndasagnaunnenda, stórauka úrval myndasagna í tilefni sýningarinnar.

●●●

Bjarni Hinriksson, sýningarstjóri Níunnar, segir myndasögur ekki hafa átt mikla hefð eða verið áberandi hér á landi. „Þó hefur verið ýmislegt síðari árin sem bendir til þess að ástandið sé að breytast og batna,“ segir Bjarni. „Hér hafa verið starfandi misvirkir hópar myndlistarmanna og áhugamanna um myndasögur sem hafa gert og gefið út myndasögur, mjög óreglulega, en þó alltaf eitthvað. Gisp!-hópurinn hefur starfað frá 1990 og er kannski einkennandi fyrir myndasöguútgáfuna.

Með þessari sýningu viljum við sýna fram á að þrátt fyrir að myndasagan hafi ekki verið áberandi á Íslandi, hefur átt sér stað töluverð gróska innan hennar síðustu 15–20 árin.“

Bjarni segir sýninguna í raun kanna tvo þræði, annars vegar íslensku myndasöguna í samhengi við erlendar myndasögur og hins vegar íslensku myndasöguna í samhengi við myndlistarheiminn. „Myndasögur eru mjög fjölbreyttar og það er annað sem við viljum sýna hér. Það er ekki neitt eitt sem kalla má myndasögu. Sumir höfundar leggja meiri áherslu á orðin en aðrir láta myndirnar tala í meira mæli,“ segir Bjarni.

> ’Teiknimyndasögur eru einnig mikilvægur hluti af myndasagnahefðinni og má ekki vanmeta gildi þeirra sem bæði fagurfræðilegra og heimspekilegra fyrirbæra.‘

●●●

Óhætt er að segja að teiknimyndasögur hafi á margan hátt mótað hugarheim ungs fólks undanfarna áratugi, og ekki aðeins hin miklu listaverk Gaimans og Mignola og slíkra snillinga, heldur má einnig nefna að margir kynntust Hringadróttinssögu fyrst í gegnum hálfklárað myndasöguverk. Þá hefur franski listamaðurinn Franquin upphafið kæruleysislegt og rómantískt viðhorf til lífsins í hugum fjölda ungra lesenda með hinum stórskemmtilegu sögum um Viggó viðutan. Þá má einnig nefna sköpun Svíans Charlie Christiansen, andhetjuna Arne Anka, sem ráfar með timburmenn um götur Stokkhólms og gubbar út úr sér óborganlegri hversdagsvisku um velferðarsamfélag, mannlegan breyskleika, drykkjusýki og barnauppeldi.

Teiknimyndasögur eru einnig mikilvægur hluti af myndasagnahefðinni og má ekki vanmeta gildi þeirra sem bæði fagurfræðilegra og heimspekilegra fyrirbæra.

Í tilefni sýningarinnar verður Sýningarstjóraspjall sunnudaginn 20. mars kl. 15 auk þess sem nokkrir listamanna sem verk eiga á sýningunni munu veita sérstaka leiðsögn sunnudaginn 24. apríl.

Í umfjöllun fjölmiðla um myndasögur hefur spurningin „Er þetta ekki bara fyrir krakka?“ verið allt annað en fáheyrð og ber þessi spurning á vissan hátt vitni vanþekkingu um breidd og vídd myndasöguheimsins. Maður spyr sig jafnvel hvort list almennt sé ekki „bara fyrir krakka,“ því hlutverk hennar er að örva, ögra og kalla fram hugmyndir þeirra sem hennar njóta. Og ef listin er fyrir krakka, er þetta þá ekki spurning hvort við þurfum kannski öll í ríkara mæli að leyfa sjálfum okkur að vera krakkar.



Gjafaöskjur með ljóðum

Ástarkveðja • Vinarkveðja, Samúðarkveðja
Sölustaðir: sjá www.bergis.is

Ný sending
af ARA og jenny modisch bequem

Teg. ARA 51866

Teg. ARA 36335
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
Smáralind • Kringlunni

Brúðkaupssýningin Já


SKJÁREINN
blómaval HEILLANDI HEIMUR
Komdu og upplifðu brúðkaupsævintýrið í Vetrargarði Smáralindar helgina 18.-20. mars.